

Sveitarstjórn Rangárþings ytra - 32 (11.9.2024) - Vaðölduver. Framkvæmdaleyfi vegna vindorkuvers við Vaðöldu

Málsnúmer : 2408050  
Málsaðili : Landsvirkjun  
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt  
Fundardagur : 11.09.2024

Inngangur :  
Niðurstaða : Lögð er fram umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi dags. 2. september 2024 fyrir framkvæmdum við vindorkuverið við Vaðöldu/Búrfellslundur.

Lögð er fram greinargerð leyfisveitanda (sveitarfélagsins) í samræmi við 3. mgr. 27. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Sveitarstjórn samþykkir að framkvæmdaleyfi skuli veitt vegna vegagerðar innan marka framkvæmdasvæðis, eins og þeim er lýst í greinargerð með umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi vegna byggingar vindorkuvers við Vaðöldu og til uppsetningar vinnubúða fyrir framkvæmdina sem staðsett er innan framkvæmdasvæðisins á afmörkuðu svæði samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Vinnubúðirnar verði tímabundin mannvirki sem verði tekin niður og fjarlægð í lok fyrirhugaðra heildarframkvæmda innan svæðisins. Fyrirhuguð framkvæmd er í fullu samræmi við gildandi deiliskipulag. Skipulags- og byggingafulltrúi hefur tekið saman greinargerð í samræmi við ákvæði 3. mgr. 27. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar. Skipulags- og byggingafulltrúa er falið að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við framangreint.

Umsókn um útgáfu framkvæmdaleyfis til að reisa allt að 120 MW vindorkuver með allt að 30 vindmyllum, geymslusvæði, safnstöð og efnistöku er vísað til frekari meðferðar hjá skipulags- og umferðarnefnd og umhverfis-, hálendis- og samgöngunefnd.

Á síðari stigum þarf að sækja um frekari leyfi vegna uppbyggingar vindorkuversins, þ.á.m. efnistöku, gerð áningarstaðar og byggingar vindmylla og tengivirkis.

Samþykkt samhljóða.